

# **SP-Fjármögnun hf.**

**Ársreikningur 2007**

SP-Fjármögnun hf.  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík

Kt. 620295-2219

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3	Eiginfjárfirlit .....	8
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5	Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Rekstrarreikningur .....	6	Skýringar .....	10
Efnahagsreikningur .....	7		

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Rekstur ársins 2007

SP-Fjármögnun hf. er eignarleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Á árinu seldi félagið dótturfélagið Hafnarbraut ehf., en félagið átti 100% eignarhlut í félaginu. Enginn rekstur var í félaginu.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2007 að fjárhæð 959,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 4.228 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 8,6% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhluftall, sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 11,3% í árslok 2007.

Hlutfé félagsins nam í árslok 397,6 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Hluthafar félagsins voru 11 í árslok en 15 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar 10% eða stærra eignarhluta í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík .....	51,0%
BYR sparisjóður, Reykjavík .....	34,5%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2007, en vísað er til ársreikningsins að öðru leyti varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á bókfærðu eigin fé.

## Stjórnunarhættir

Stjórn SP-Fjármögnunar hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdasvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra, fundar með endurskoðendum félagsins reglulega og hefur ráðið innri endurskoðanda. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu samkvæmt skilgreiningu í grein 2.6 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

## **Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:**

---

Stjórn og framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar hf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2007 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja árseikninginn.

Reykjavík, 25. janúar 2008.

Stjórn:

Þorgeir Baldursson

Ragnar Z. Guðjónsson

Elín Sigfúsdóttir

Guðmundur Pétur Davíðsson

Magnús Ægir Magnússon

Framkvæmdastjóri:

Kjartan Gunnarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa SP-Fjármögnunar hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SP-Fjármögnunar hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirra hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 25. janúar 2008.

**KPMG hf.**

Jón S. Helgason  
Sigríður Helga Sveinsdóttir

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur .....		3.865.784	2.873.099
Vaxtagjöld .....		( 2.038.920)	( 1.507.652)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b> .....	18	1.826.864	1.365.447
Þjónustutekjur .....		207.162	178.926
Þjónustugjöld .....		( 35.112)	( 31.360)
<b>Hreinar þjónustutekjur</b> .....		172.050	147.566
 <b>Hreinar tekjur</b> .....		 1.998.914	 1.513.013
Hreinn gjaldeyrismunur .....	19	62.644	45.539
Aðrar rekstrartekjur .....		64.703	47.074
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags .....	34	( 182.217)	( 24.500)
Rekstrarkostnaður .....	20-24	( 581.725)	( 489.217)
Virðisrýrnun .....	32	( 151.692)	( 84.310)
 <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		 1.210.627	 1.007.599
Tekjuskattur .....	25	( 250.814)	( 204.857)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		959.813	802.742
 <b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár .....	26	2,41	2,02

Skýringar 1- 45 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	27	238.625	375.117
Aðrar eignir .....		74.813	120.414
Útlán og kröfur .....	28-32	47.682.860	37.118.315
Fullnustueignir .....	33	22.910	5.199
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum .....	34	786.414	601.131
Rekstrarfjármunir .....	35	283.346	233.898
Óefnislegar eignir .....	36	109.649	63.144
<b>Eignir samtals</b>		<u>49.198.617</u>	<u>38.517.218</u>
<b>Skuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....		158.052	127.208
Lántaka .....	37,38	42.782.030	33.456.916
Víkjandi lán .....	39	1.341.641	1.226.828
Tekjuskattsskuldbinding .....	40	688.894	438.079
<b>Skuldir samtals</b>		<u>44.970.617</u>	<u>35.249.031</u>
<b>Eigið fé</b>			
	41-43		
Hlutfé .....		397.562	397.562
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár .....		116.561	116.561
Lögbundinn varasjóður .....		5.482	5.482
Óráðstafað eigið fé .....		3.708.395	2.748.582
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>4.228.000</u>	<u>3.268.187</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>49.198.617</u>	<u>38.517.218</u>

Skýringar 1- 45 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2007

---

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
<b>Árið 2006</b>					
Eigið fé 1.1. 2006.....	397.562	116.561	5.482	1.945.840	2.465.445
Hagnaður ársins.....				802.742	802.742
Eigið fé 31.12.2006.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>2.748.582</u>	<u>3.268.187</u>
<b>Árið 2007</b>					
Eigið fé 1.1. 2007.....	397.562	116.561	5.482	2.748.582	3.268.187
Hagnaður ársins.....				959.813	959.813
Eigið fé 31.12.2007.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>3.708.395</u>	<u>4.228.000</u>

Skýringar 1- 45 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.



# Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.210.627	1.007.599
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags .....	34	182.217	24.500
Afskriftir rekstrarfjármuna .....		52.975	43.339
Virðisrýrnun .....	32	151.692	84.310
Aðrir liðir .....	(	616)	( 49.442)
Breytingar á útlánum og öðrum kröfum .....	(	10.697.746)	( 11.249.123)
Breytingar á öðrum rekstrartengdum eignum og skuldum .....	(	2.751)	16.476
Handbært fé til rekstrar	(	9.103.602)	( 10.122.341)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi .....	34	( 367.500)	( 625.631)
Keyptir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	35,36	( 152.909)	( 55.514)
Seldir rekstrarfjármunir .....		4.600	1.542
Aðrar eignir, breyting .....		42.996	( 55.777)
Fjárfestingarhreyfingar	(	472.813)	( 735.380)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Lántaka, breyting .....		9.325.110	10.771.734
Víkjandi lán, breyting .....		114.813	216.241
Fjármögnunarhreyfingar		9.439.923	10.987.975
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>( 136.492)</b>	<b>130.254</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>375.117</b>	<b>244.863</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>7</b>	<b>238.625</b>	<b>375.117</b>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur .....		3.620.899	2.474.418
Greidd vaxtagjöld .....	(	1.845.095)	( 821.829)

Skýringar 1- 45 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

### 1. *Upplýsingar um félagið*

SP-Fjármögnun hf. ("félagið") er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Sigtúni 42 í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Félagið seldi dótturfélag sitt, Hafnarbraut ehf. á árinu 2007, en félagið átti 100% eignarhlut í félaginu. Enginn rekstur var í félaginu.

SP-Fjármögnun hf. er eignarleigufyrirtæki sem sérhæfir sig í tækjafjármögnun í formi eignarleigu og bílafjármögnun fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

### 2. *Grundvöllur reikningskilanna*

#### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningskilastöðlum sé fylgt*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 25. janúar 2008.

#### b. *Grundvöllur matsaðferða*

Ársreikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að eftirtöldum liðum undanskildum:

- \* Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- \* Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð.

#### c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

#### d. *Mat og ályktanir*

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- \* Skýringar 6, 8 og 32 – Mat útlána og krafna
- \* Skýringar 6, 12 og 33 – Fullnustueignir
- \* Skýring 34 – Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

### Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Reikningskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabilin sem fram koma.

#### 3. *Grundvöllur ársreikningsins*

##### a. *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu þeirra, en ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu hlutdeildarféлага í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá því áhrifin nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi hlutdeildarfélags meiri en bókfært verð í hlutdeildarfélagi er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem félagið hefur stofnað til skuldbindinga vegna hlutdeildarfélags eða fjármagnað það.

#### 4. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### 5. *Tekjur og gjöld*

##### a. *Hreinar vaxtatekjur*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikningi þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflegu bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæð þeirra á gjalddaga, sem eru reiknuð miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað félagið sjóðstreymi með tilliti til allra sammingsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða flokkur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunina. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna.

##### b. *Hreinar þjónustutekjur*

Félagið veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem það fær greitt fyrir svo sem vegna eignarleigusamninga. Þjónustutekjur og þóknanir eru færðar til tekna þegar þjónusta hefur verið veitt.

##### c. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur félagsins er frestaður tekjuskattur. Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundin mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annar vegar og ársreikningi hins vegar.

### 6. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

#### a. *Útlán og kröfur*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun þess á sex mánaða fresti hið minnsta. Félagið metur annars vegar einstök lán og hins vegar lánasafn og færir virðisrýrnun ef áreiðanlegar vísendingar eru um virðisrýrnun á láni eða lánasafni.

Ef skoðun einstakra útlána bendir til rýrnunar á væntanlegu sjóðstreymi þeirra, er lánið fært til samræmis við áætlað núvirði framtíðarsjóðstreymis. Vísendingar um virðisrýrnun geta verið umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakenda eða vanskil á afborgunum. Við ákvörðun virðisrýrnunar er áhættan metin, upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna áætluð og söluverðmæti tryggingar metið.

Útlán og kröfur sem ekki eru færðar niður sérstaklega verða hluti af safni sem metið er með tilliti til mögulegrar virðisrýrnunar. Mat á útlánasafni byggir á því að útlánin búi yfir svipuðum áhættueinkennum. Merki um virðisrýrnun í safni útlána eru til staðar ef áreiðanleg gögn benda til lækkunar á væntu framtíðarsjóðstreymi útlánasafns og hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti.

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

#### b. *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýrnun, eru færðar í rekstrarreikning.

#### c. *Hlutdeildarfélög*

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er metin með tilliti til virðisrýrnunar ef vísendingar eru um að endurheimtanleg fjárhæð fjárfestinga sé lægri en bókfært verð.

#### d. *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er áætlað hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem herra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

## Skýringar, frh.:

---

### e. *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

### 7. *Handbært fé*

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

### 8. *Útlán og kröfur*

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur fela í sér eignarleigusamninga við viðskiptavinum um fasteignir, bifreiðar, vélar og tæki og útlán í formi skuldabréfa.

Útlán og kröfur eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlánin eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2008 og gengistryggð lán eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

Útlán og kröfur eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af þeim er ekki lengur til staðar eða þegar félagið hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

### 9. *Afleiður*

Afleiður eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi þátta (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi).

Félagið notar eingöngu framvirka gjaldmiðlasamninga til að takmarka gengisáhættu sem verður til vegna starfsemi félagsins.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði og er gangvirðið ákvarðað með notkun viðurkenndra matsaðferða. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikning. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

### 10. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

## Skýringar, frh.:

---

Rekstrarfjármunir, frh.:	Nýtingartími	Hrakvirði
Fasteignir .....	25-50 ár	10%
Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar .....	3-7 ár	0%

Hrakvirði er endurmetið árlega ef það er ekki óverulegt.

### 11. *Óefnislegar eignir*

Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstrareikningi miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar er þrjú ár. Afskriftir hugbúnaðar eru færðar meðal rekstrarkostnaðar í rekstrareikningi.

### 12. *Fullnustueignir*

Félagið hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Eignirnar eru færðar á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvort sem lægra reynist. Sjá skýringu 33.

### 13. *Lántaka og víkjandi lán*

Lántökur og víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð miðað við virka vexti.

Lántökur og víkjandi lán eru skráð þegar félagið verður hluti af samningsbundum skuldageringi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding félagsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða skuldin er felld úr gildi.

### 14. *Aðrar eignir og skuldir*

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### 15. *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er sami og grunnhagnaður á hlut þar sem leiðrétting vegna mögulegrar þynningar s.s. vegna kaupréttarsamninga, breytanlegra skuldabréfa, valréttarsamninga og svo framvegis eiga ekki við hjá félaginu.

### 16. *Nýir reikningskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim*

Nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki tekið gildi í árslok 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings eru eftirfarandi: IFRS 8 *Starfshættir*, IFRS 11 *IFRS 2 - Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf*, IFRIC 12 - *Samningar um þjónustuvilnun*, IFRIC 13 *Tryggðarkerfi*, IFRIC 14 *IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarks-fjármögnun og samspil þeirra* og endurbættur IAS 23 *Lántökukostnaður*. Framangreindir staðlar, breytingar og túlkanir munu ekki hafa áhrif á ársreikninginn.

### 17. Stýring fjárhagslegrar áhættu

#### *Yfirlit*

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálgerningum félagsins:

- \* lánsáhætta
- \* lausafjárahætta
- \* markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

Markmið félagsins er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Þá hefur stjórn félagsins ráðið innri endurskoðanda meðal annars til að sinna þessu eftirliti.

#### a. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og ef tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum kröfunnar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna útlána og krafna.

#### *Útlán og kröfur*

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna og þeim tryggingum sem standa á bak við einstakar lánveitingar. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Félagið hefur sett skýrar útlánareglur sem taka ber mið af við einstakar lánveitingar. Heimildir til lánveitinga eru mismunandi og þarfnast aðkomu stjórnar eða framkvæmdarstjóra ef farið er yfir tiltekin mörk. Við hverja lánveitingu eru viðskiptamenn metnir og fjárhagsstaða og greiðslusaga þeirra skoðuð eftir því sem kostur er. Lánareglur félagsins fjalla meðal annars um lánaheimildir í hlutfalli við raunvirði trygginga og áætlaðan líftíma þeirra og ef vikið er frá þeim hlutföllum þarfnast það sérstaks samþykkis.

Stór hluti viðskiptamanna félagsins hefur átt í áralöngum viðskiptum við félagið og hafa töpuð útlán verið óveruleg miðað við umfang félagsins. Lánsáhættu er meðal annars stýrt með mikilli dreifingu lánasafnsins en eins og fram kemur hér á eftir er um helmingur lánasafnsins til einstaklinga.

Ítarlega er fylgst með vanskilum og er tapshætta yfirfarin reglulega með mati á tryggingum og stöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptamenn í vanskilum eru jafnan flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar.

## Skýringar, frh.:

### Lánsáhætta, frh.:

Greining útlána og krafna niður á einstaklinga og fyrirtæki

	Lán til einstaklinga		Lán til fyrirtækja		Samtals	
	2007	2006	2007	2006	2007	2006
Útlán í virðisrýnun .....	301.042	261.753	408.772	317.347	709.814	579.100
Virðisrýnun .....	( 128.848)	( 93.016)	( 191.695)	( 104.455)	( 320.543)	( 197.471)
	172.194	168.737	217.077	212.892	389.271	381.629
Lán í vanskilum án						
sérstakrar virðisrýn. ....	2.767.372	3.004.722	3.398.286	2.476.114	6.165.658	5.480.836
Útlán í skilum án virðisr. .	21.268.707	19.974.879	20.354.151	11.773.300	41.622.858	31.748.179
Virðisrýnun vegna alm.						
áhættu lánasafns .....	( 252.901)	( 309.757)	( 242.026)	( 182.572)	( 494.927)	( 492.329)
	23.783.178	22.669.844	23.510.411	14.066.842	47.293.589	36.736.686
Útlán skv. efnahagsr. ....	23.955.372	22.838.581	23.727.488	14.279.734	47.682.860	37.118.315

### Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins á útlánnum og kröfum eftir virðisrýnun skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

	2007	2006
Ísland .....	46.911.723	36.848.712
Bretland og Írland .....	87.411	269.603
Önnur landsvæði í Evrópu .....	683.726	0
	47.682.860	37.118.315

Mesta mögulega tap félagsins á útlánnum og kröfum eftir virðisrýnun skiptist með eftirfarandi hætti eftir flokkum viðskiptavina:

Einstaklingar .....	23.721.208	22.900.894
Ríkissjóður og ríkisstofnanir .....	494.080	499.767
Fyrirtæki .....	23.467.572	13.717.654
	47.682.860	37.118.315

Útlán eru endanlega afskrifuð eftir ákveðnum reglum sem um það gilda. Þá hefur félagið sett skýra verkferla sem snúa að innheimtu og hvenær vanskil eru send til lögfræðinnheimtu.

### b. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Félagið viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur í því skyni meðal annars tryggt sér aðgang að lánalínum með samningi við móðurfélagið, Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt reglum Seðlabankans um lausafjárhlutfall nr. 317 frá 25. apríl 2006 ber félaginu að skila skýrslum um laust fé í hverjum mánuði. Með þessum skýrslugerðum er mjög virkt eftirlit með lausafjárhlutfalli.



## Skýringar, frh.:

### Lausafjárahætta, frh.:

Eftirfarandi er sundurliðun á fjáreignum og fjárskuldum félagsins með tilliti til gjalddaga í milljónum króna:

	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>2007</b>					
Útlán og kröfur .....	4.141	8.372	30.647	4.523	47.683
Aðrar eignir .....	75	0	0	0	75
Handbært fé .....	239	0	0	0	239
Samtals 31.12.2007 .....	4.455	8.372	30.647	4.523	47.997
Lántaka .....	2.717	6.719	33.346	0	42.782
Víkjandi lán .....	0	0	0	1.342	1.342
Ýmsar skuldir .....	158	0	0	0	158
Samtals 31.12.2007 .....	2.875	6.719	33.346	1.342	44.282
Eignir-skuldir 31.12.2007 .....	1.580	1.653	( 2.699)	3.181	3.715
<b>2006</b>					
Útlán og kröfur .....	3.155	8.306	22.879	2.778	37.118
Aðrar eignir .....	120	0	0	0	120
Handbært fé .....	375	0	0	0	375
Samtals 31.12.2006 .....	3.650	8.306	22.879	2.778	37.613
Lántaka .....	1.908	3.923	27.626	0	33.457
Víkjandi lán .....	0	0	0	1.227	1.227
Ýmsar skuldir .....	127	0	0	0	127
Samtals 31.12.2006 .....	2.035	3.923	27.626	1.227	34.811
Eignir-skuldir 31.12.2006 .....	1.615	4.383	( 4.747)	1.551	2.802

Hreint gangvirði áhættuvarnarsamninga er fært á meðal ýmissa skulda í efnahagsreikningi.

### c. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar í gengi erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhattu vegna útlána og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli félagsins. Umtalsverður hluti útlána og lántöku félagsins er í erlendum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhattu eru evra (EUR), dollari (USD), svissneskur franki (CHF) og japanskt yen (JPY).

Félagið fylgist náið með gjaldeyrisjöfnuði frá degi til dags og grípur til viðeigandi ráðstafana ef um ójöfnuð er að ræða. Félagið ver sig fyrir gjaldmiðlagengisáhattu með framvirkum gjaldmiðlasamningum til skamms tíma. Markmiðið er fyrst og fremst að eyða gengisáhattu félagsins en ekki til að hagnast á skammtímasveiflum. Miðað við gjaldeyrisjöfnuð félagsins í árslok 2007 hefði 1% styrking krónunnar haft um 4 millj. kr. neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

## Skýringar, frh.:

### Markaðsáhætta, frh.:

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu greinast þannig:

Árið 2007	EUR	USD	CHF	JPY	Aðrir gjaldmiðlar	Samtals
Útlán og kröfur .....	10.506.858	4.960.997	13.511.549	10.957.760	283.685	40.220.849
Gengistryggðar eignir samtals .....	<u>10.506.858</u>	<u>4.960.997</u>	<u>13.511.549</u>	<u>10.957.760</u>	<u>283.685</u>	<u>40.220.849</u>
Lántaka og víkjandi lán ....	9.940.020	4.981.196	11.884.089	9.567.287	70.484	36.443.076
Áhættuvarnar-samningar .....	442.320	( 46.500)	1.487.970	1.272.360	205.051	3.361.201
Gengistryggðar skuldir samtals .....	<u>10.382.340</u>	<u>4.934.696</u>	<u>13.372.059</u>	<u>10.839.647</u>	<u>275.535</u>	<u>39.804.277</u>
Hrein gjaldeyris-staða .....	<u>124.518</u>	<u>26.301</u>	<u>139.490</u>	<u>118.113</u>	<u>8.150</u>	<u>416.572</u>
<b>Árið 2006</b>						
Útlán og kröfur .....	10.610.959	5.747.781	7.548.721	5.615.867	551.515	30.074.843
Gengistryggðar eignir .....	<u>10.610.959</u>	<u>5.747.781</u>	<u>7.548.721</u>	<u>5.615.867</u>	<u>551.515</u>	<u>30.074.843</u>
Lántaka og víkjandi lán ....	9.788.664	5.335.321	6.856.933	5.084.963	268.574	27.334.455
Áhættuvarnar-samningar .....	804.185	409.431	588.700	423.010	286.857	2.512.183
Gengistryggðar skuldir .....	<u>10.592.849</u>	<u>5.744.752</u>	<u>7.445.633</u>	<u>5.507.973</u>	<u>555.431</u>	<u>29.846.638</u>
Hrein gjaldeyris-staða .....	<u>18.110</u>	<u>3.029</u>	<u>103.088</u>	<u>107.894</u>	<u>( 3.916)</u>	<u>228.205</u>

Félagið hefur í árslok 2007 gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga að nafnverðsfjárhæð 3.361 millj. kr. (2006: 2.512 millj. kr.). Hreint gangvirði samninganna var í árslok 2007 neikvætt um 1 millj. kr. (2006: neikvætt um 4 millj. kr.). Hreint gangvirði er fært meðal ýmissa skulda í efnahagsreikningi.

### Vaxtaáhætta

Útlán og lántaka félagsins er að langstærstum hluta með breytilegum vöxtum. Reglulega er fylgst með mismun útlána og lántöku með föstum vöxtum og því stýrt þannig að jöfnuður sé milli útlána og lántöku með föstum vöxtum. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig útlán og lántaka félagsins skiptast eftir breytilegum og föstum vöxtum:

	Fastir vextir	Breytilegir vextir	Samtals
Útlán .....	<u>2.119.837</u>	<u>45.563.023</u>	<u>47.682.860</u>
Lántaka - Verðbréfaútgáfa .....	152.679	0	152.679
Lántaka og víkjandi lán .....	<u>1.623.008</u>	<u>42.347.984</u>	<u>43.970.992</u>
	<u>1.775.687</u>	<u>42.347.984</u>	<u>44.123.671</u>

## Skýringar, frh.:

### Önnur markaðsverðsáætta

Önnur markaðsverðsáætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### Eignir og skuldir háðar verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 7.261 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 7.274 millj. kr.

### Gangvirði

Gangvirði útlána, krafna, lántöku og víkjandi lána er talið vera sem næst bókfærðu verði, þar sem vaxtakjör þeirra eru almennt breytileg í samræmi við vaxtakjör á markaði á hverjum tíma. Það er mat félagsins að óinnleystur hagnaður eða tap vegna mismunar á gangvirði eigna og skulda og bókfærðu verði sé óverulegur.

#### d. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins hefur á undanförunum árum lagt til við aðalfund að ekki sé greiddur arður til hluthafa til að efla eiginfjástöðu og fjárhagsstöðu félagsins.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli.

Engar breytingar urðu á stefnu um eiginfjárstýringu félagsins á árinu.

Félaginu ber að fylgja ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki en eiginfjárlutfallið samkvæmt lögnum má ekki vera lægra en 8,0%.

## Hreinar vaxtatekjur

18. Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:

	2007	2006
Vaxtatekjur af útlánnum .....	3.816.844	2.834.887
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....	48.940	38.212
Vaxtatekjur samtals .....	<u>3.865.784</u>	<u>2.873.099</u>
Vaxtagjöld af lánnum frá lánastofnunum .....	( 1.910.138)	( 1.376.573)
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu .....	( 73.128)	( 98.398)
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum .....	( 55.654)	( 32.681)
Vaxtagjöld samtals .....	<u>( 2.038.920)</u>	<u>( 1.507.652)</u>
Hreinar vaxtatekjur samtals .....	<u>1.826.864</u>	<u>1.365.447</u>

## Hreinn gjaldeyrismunur

19. Hreinn gjaldeyrismunur sundurliðast þannig:

Gjaldeyrismunur útlána og lántöku .....	( 67.482)	398.725
Gjaldeyrismunur fjármálagerninga á gangvirði .....	130.126	( 353.186)
Hreinn gjaldeyrismunur samtals .....	<u>62.644</u>	<u>45.539</u>

## Skýringar, frh.:

### Rekstrarkostnaður

20. Rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2007	2006
Laun og launatengd gjöld .....	318.006	263.795
Annar almennur rekstrarkostnaður .....	210.744	182.083
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	52.975	43.339
Rekstrarkostnaður samtals .....	<u>581.725</u>	<u>489.217</u>

21. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	273.778	216.820
Lífeyrisgreiðslur .....	25.043	29.661
Launatengd gjöld .....	19.185	17.314
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>318.006</u>	<u>263.795</u>

22. Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....	35	29
Stöðugildi í árslok .....	43	31

23. Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

Stjórnarformaður .....	2.350	1.800
Aðrir stjórnarmenn .....	5.050	3.600
Framkvæmdastjóri .....	36.665	32.644
Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra samtals .....	<u>44.065</u>	<u>38.044</u>

Félagið hefur gert samning við framkvæmdastjóra um ágóðahlut sem ávinnst með ákveðnum skilyrðum á tilteknu tímabili. Áfallin ágóðahlutdeild í árslok 2007 hefur verið færð að fullu.

24. Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum félagsins greinist þannig:

Endurskoðun ársreiknings .....	2.515	1.962
Könnun árshlutareikninga .....	3.364	1.771
Önnur þjónusta .....	6.528	4.158
Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum samtals .....	<u>12.407</u>	<u>7.891</u>

### Gjaldfærður tekjuskattur

25. Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Frestaðir skattar:

Breyting tímabundinna mismuna .....	250.814	204.857
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>250.814</u>	<u>204.857</u>

## Skýringar, frh.:

### Gjaldfærður tekjuskattur, frh.:

Afstemming virks skatthlutfalls:	2007	2006
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	1.210.627	1.007.599
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli .....	18,0% 217.913	18,0% 181.368
Áhrif hlutdeildarféлага .....	2,7% 32.799	0,4% 4.410
Annað .....	0,0% 102	1,9% 19.079
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	20,7% 250.814	20,3% 204.857

## Hagnaður á hlut

26. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað og vegið meðaltal hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki er um að ræða útgefna kauprétti til starfsmanna eða lán sem eru breytanleg í hlutafé.

	2007	2006
Hagnaður .....	959.813	802.742
Vegið meðaltal fjölda hluta á árinu .....	397.562	397.562
Grunnhagnaðarhlutur og þynntur hagnaðarhlutur .....	2,41	2,02

## Handbært fé

27. Handbært fé sundurliðast þannig:

Kröfur á móðurfélag .....	165.475	257.245
Kröfur á aðrar lánastofnanir .....	73.150	117.872
Handbært fé samtals .....	238.625	375.117

## Útlán og kröfur

28. Útlán og kröfur sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Leigusamningar .....	39.360.081	27.948.694
Skuldabréf og önnur útlán .....	8.322.779	9.169.621
Útlán og leigusamningar samtals .....	47.682.860	37.118.315

29. Útlán og kröfur flokkast þannig eftir tegundum eigna:

Bifreiðar .....	36.621.742	27.176.358
Tölvu-, rafeinda- og skrifstofubúnaður .....	276.742	715.468
Vinnuvélar .....	4.769.595	4.521.851
Verksmiðju- og iðnaðarvélar .....	4.877.485	3.462.129
Atvinnuhúsnæði .....	271.985	115.036
Aðrar eignir .....	865.312	1.127.473
Útlán og kröfur samtals .....	47.682.860	37.118.315

## Skýringar, frh.:

### 30. Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

	2007	2006
Einstaklingar .....	49,7%	61,5%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir .....	0,9%	1,2%
Fyrirtæki:		
Landbúnaður .....	1,1%	1,1%
Fiskveiðar .....	0,3%	1,5%
Iðnaður .....	8,7%	6,3%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð .....	10,4%	7,4%
Verslun .....	8,7%	5,7%
Samgöngur og flutningar .....	3,3%	3,3%
Fjármálastofnanir .....	0,4%	0,4%
Þjónusta .....	16,2%	9,6%
Annað .....	0,2%	2,0%
Útlán og kröfur samtals .....	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

### 31. Útlán og kröfur sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur .....	472.007	313.693
Allt að 3 mánuðir .....	3.668.495	2.841.277
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....	8.371.909	8.306.378
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	30.647.104	22.878.829
Yfir 5 ár .....	4.523.345	2.778.138
Útlán og kröfur samtals .....	<u>47.682.860</u>	<u>37.118.315</u>

### 32. Virðisrýrnun útlána og krafna greinist þannig:

Virðisrýrnun útlána og krafna í ársbyrjun .....	689.800	634.304
Virðisrýrnun útlána á árinu .....	151.692	84.310
Endanlega töpuð útlán .....	( 28.603)	( 31.898)
Innkomið áður afskrifað .....	2.581	3.084
Virðisrýrnun útlána og krafna í árslok .....	<u>815.470</u>	<u>689.800</u>
Virðisrýrnun útlána og krafna í hlutfalli af heildarútlánnum og kröfum .....	1,7%	1,8%

## Fullnustueignir

### 33. Fullnustueignir sundurliðast þannig:

Bifreiðar .....	14.812	5.199
Fiskvinnslutæki .....	8.098	0
Fullnustueignir samtals .....	<u>22.910</u>	<u>5.199</u>

## Skýringar, frh.:

### Fjárfesting í hlutdeildarfélagi

34. Félagið á 49% hlut í Eignarhaldsfélaginu ehf., eignarhaldsfélagi um eignarhluti í Verði Íslandstryggingu hf. Endurskoðuðu ársuppgjöri Eignarhaldsfélagsins ehf. var ekki lokið við gerð ársreiknings SP-Fjármögnunar hf. og er hlutdeild í tapi ársins 2007 byggð á áætluðum reikningsskilum í árslok 2007. SP-Fjármögnun hf. átti í árslok 2007 einnig 40% eignarhlut í Skeifuhúsum ehf. en rekstur þess félags er óverulegur. Samanlögð hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 182,2 millj. kr. Áætlaðar samanlagðar eignir þeirra í árslok námu um 3.590,8 millj. kr., og áætlaðar samanlagðar skuldir námu um 3.234,5 millj. kr. Áætlaðar tekjur þeirra námu 227,9 millj. kr.

### Rekstrarfjármunir

35. Bókfært verð rekstrarfjármuna greinist þannig:

Heildarverð	Húsbúnaður, áhöld og		
	Fasteignir	bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2006 .....	238.257	36.562	274.819
Viðbætur á árinu 2006 .....	0	8.121	8.121
Selt á árinu 2006 .....	0	( 2.165)	( 2.165)
Heildarverð 31.12.2006 .....	238.257	42.518	280.775
Viðbætur á árinu 2007 .....	31.458	32.486	63.944
Selt á árinu 2007 .....	0	( 7.210)	( 7.210)
Heildarverð 31.12.2007 .....	269.715	67.794	337.509
<b>Afskriftir</b>			
Afskrifað samtals 1.1.2006 .....	18.776	19.486	38.262
Afskriftir ársins 2006 .....	4.204	4.846	9.050
Selt á árinu 2006 .....	0	( 435)	( 435)
Afskrifað samtals 31.12.2006 .....	22.980	23.897	46.877
Afskriftir ársins 2007 .....	4.562	5.954	10.516
Selt á árinu 2007 .....	0	( 3.230)	( 3.230)
Afskrifað samtals 31.12.2007 .....	27.542	26.621	54.163
<b>Bókfært verð</b>			
1.1.2006 .....	219.481	17.076	236.557
31.12.2006 .....	215.277	18.621	233.898
31.12.2007 .....	242.173	41.173	283.346
Afskriftahlutföll .....	2-4%	15-33%	

## Skýringar, frh.:

### Óefnislegar eignir

36. Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:

	Hugbúnaður
<b>Heildarverð</b>	
Heildarverð 1.1.2006 .....	163.198
Viðbætur á árinu 2006 .....	47.393
Heildarverð 31.12.2006 .....	210.591
Viðbætur á árinu 2007 .....	88.965
Heildarverð 31.12.2007 .....	299.556
<b>Afskriftir</b>	
Afskrifað samtals 1.1.2006 .....	113.159
Afskrift ársins 2006 .....	34.288
Afskrifað 31.12.2006 .....	147.447
Afskrift ársins 2007 .....	42.460
Afskrifað samtals 31.12.2007 .....	189.907
<b>Bókfært verð</b>	
1.1.2006 .....	50.039
31.12.2006 .....	63.144
31.12.2007 .....	109.649
Afskriftahlutfall .....	33%

### Lántaka

37. Lántaka félagsins skiptist þannig:

	2007	2006
Verðbréfaútgáfa .....	152.679	383.809
Lán frá móðurfélagi .....	42.629.351	33.073.107
Lántaka samtals .....	42.782.030	33.456.916

38. Lántaka félagsins sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft innan 3ja mánaða .....	2.717.292	1.907.901
Gjaldkræft eftir 3 mánuði en innan árs .....	6.718.785	3.923.020
Gjaldkræft eftir 1 ár en innan 5 ára .....	33.345.953	27.625.995
Lántaka samtals .....	42.782.030	33.456.916

### Víkjandi lán

39. Víkjandi lán eru tekin hjá móðurfélagi félagsins. Þau eru í erlendri mynt með breytilegum sex mánaða LIBOR-vöxtum (London Inter Bank Offered Rate) auk vaxtaálags. Lánin eru á gjalddaga 2015 og 2017. Samkvæmt reglum um eiginfjárlutfall lánastofnana teljast lánin að fullu til eiginfjár.



## Skýringar, frh.:

### Tekjuskattsskuldbinding

40. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig í árslok:

	2007	2006
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	438.079	233.222
Reiknaður tekjuskattur .....	250.814	204.857
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>688.894</u>	<u>438.079</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Útlán og kröfur .....	867.065	419.984
Rekstrarfjármunir .....	15.934	18.095
Yfirfæranlegt skattaleg tap .....	( 194.105)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>688.894</u>	<u>438.079</u>

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007.

### Eigið fé

41. Hlutfé félagsins nam 397,6 millj. kr. að nafnvirði í árslok 2007 og 2006 samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu og gefa hlutabréfin rétt til aðgreiðslu. Engar breytingar voru gerðar á hlutfé félagsins á árunum 2007 og 2006.

42. Innborgun hlutfjár sem er umfram nafnverð er fært á yfirverðsreikning hlutfjár. Á lögbundinn varasjóð hefur verið færður hluti af hagnaði fyrri ára í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Hluti yfirverðsreiknings hlutfjár og lögbundins varasjóðs sem er umfram 25% af nafnverði hlutfjár er frjáls til ráðstöfunar.

43. Eigið fé í árslok nemur 4.228,0 millj. kr. eða 8,6% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 11,3% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða 2007	Vegin staða 2006
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir .....	49.198.617	48.951.161	37.652.502
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu .....	3.389.575	305.286	120.027
Áhættugrunnur samtals .....		<u>49.256.447</u>	<u>37.772.529</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárþáttur A:			
Bókfært eigið fé .....		4.228.000	3.268.187
Eiginfjárþáttur B:			
Víkjandi lán .....		1.341.641	1.226.828
Eigið fé samtals .....		<u>5.569.641</u>	<u>4.495.015</u>
Eiginfjárlutfall .....		11,3%	11,9%

### Tengdir aðilar

44. Móðurfélag (Landsbanki Íslands hf. - 51% eignarhlutur), hlutdeildarfélag (Eignarhaldsfélagið ehf. - 49% eignarhlutur), stjórnarmenn, stjórnendur og hluthafar teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Félög í eigu stjórnarmanna, stjórnenda og hluthafa teljast einnig til tengdra aðila.

Viðskiptastöður í árslok við móðurfélagið eru sérgreindar í framangreindum skýringum. Í rekstrarreikningi nema vaxtatekjur frá móðurfélagi 27 millj. kr. (2006: 27 millj. kr. og gjaldfærð vaxtagjöld vegna móðurfélags 2.003 millj. kr. (2006: 1.391 millj. kr.). Gjaldfærð þjónustugjöld vegna móðurfélags nema 11 millj. kr. (2006: 13 millj. kr.)

Viðskipti við aðra tengda aðila greinast þannig:	2007	2006
Útlán og eignarleigusamningar .....	2.144.652	787.456
Vaxtatekjur .....	97.272	7.038

Vaxtakjör til tengdra aðila eru í samræmi við almenn vaxtakjör hjá félaginu.

### Atburðir eftir lok reikningsárs

45. Ekkert hefur komið fram eftir dagsetningu ársreiknings, sem myndi krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi 31. desember 2007. Þann 25. janúar 2008 yfirfór og samþykkti stjórn félagsins ársreikninginn. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi.